


Þingeyri 12. mars 2018

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar



### Efni: Túlkun á 6. gr. reglugerðar nr. 685/2018 um úthlutun byggðakvóta

Ég undirritaður Hólmeir Pálason, fyrir hönd sjó félaga minna í smábátaútgerð á Þingeyri, óska eftir að bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hlutist til um, að úr því verði skorið hvort túlkun Fiskistofu á 6. gr. reglugerðar nr. 685/2018 um úthlutun byggðakvóta, samræmist reglugerð um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðíárinu 2018/2019.

Undirritaður hefur rætt við fulltrúa hjá Fiskistofu og fulltrúa hjá Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu vegna 6. gr. reglugerðar nr. 685/2018 en þar stendur m.a. „Aflinn skal nema, í þorskígildum talið, tvöföldu magni þess aflamarks sem þau fá úthlutað samkvæmt reglugerð þessari.“ Eftir þessi samtöl kemur í ljós að Fiskistofa og ráðuneytið virðast túlka 6. gr. reglugerðar nr. 685/2018 á mismunandi hátt. Samkvæmt túlkun ráðuneytisins þarf fiskiskip, sem fær úthlutað einu tonni af byggðakvóta, að skila einu tonni á móti til að uppfylla þessi skilyrði. En samkvæmt túlkun Fiskistofu á sömu grein reglugerðarinnar þarf báтур, sem fær úthlutað einu tonni af byggðakvóta að skila tveimur tonnum á móti til að uppfylla sömu skilyrði: Þaðna er veigamiklið ósamræmi sem skiptir verulegu máli fyrir okkur sem eru í kvótalausum og þurfum að leigja til okkar kvóta. Það munar verulegu fjárhagslega séð að þurfa að leggja út fyrir tveimur tonnum í stað eins. Eins og þetta hefur verið túlkað af hálfu Fiskistofu í gegnum tíðina gerir það að verkum, að við höfum ekki getað fiskað upp í þann kvóta að fullu, sem við höfum fengið úthlutað úr byggðakvóta Þingeyrar fram að þessu. Teljum við að tímabært sé að fá úr því skorið í eitt skipti fyrir öll, hvor túlkunin sé rétt og samræmist „Reglugerð um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðíárinu 2018/2019“.

Virðingarfyllst

F.h. smábátasjómannna á Þingeyri

Hólmeir Pálason

*Hólmeir Pálason*